



ORKUSTOFNUN

Rannsóknir, borun og þrepidæling holu 4 á
Nauteyri við Djúp

Grímur Björnsson, Gylfi Páll Hersir

Greinargerð GrB-GPH-88-02

RANNSÓKNIR, BORUN OG ÞREPADÆLING HOLU 4 Á NAUTEYRI VIÐ DJÚP

1. Inngangur

Hola 4 á Nauteyri var boruð með Ými fyrir Íslax hf og lauk borun 8. desember 1987. Holan er 382 m djúp. Borað var með 10" lofthamri í 62 m og fóðrað með 8". Vinnsluhluttinn er loftboraður með 6 3/4" hamri í 327 m en þá var skipt í 6½" hjólkronu og borað í 382 m. Holan var staðsett samkvæmt niðurstöðum viðnámsmælinga og jarðfræðikortlagningar. Staðsetning hennar er sýnd á mynd 1. Þar eru einnig sýndar tvær lágvíðnámssprungur sem komu fram í viðnámsmælingum á Baðlaugarsvæðinu, en hola 4 er staðsett við aðra þeirra. Meginæðar holunnar eru á 327-330 m og á 360 m dýpi. Eftir borun sjálffrennur holan 7-8 l/s af rúmlega 50 °C vatni.

Um það leytti sem borun holu 4 lauk, óskaði Íslax hf eftir því við Jarðhitadeild Orkustofnunar að hún hefði eftirlit með þrepidælingu holunnar, með það að markmiði að mat fengist á asköst holunnar. Greinargerð þessi lýsir niðurstöðum þrepidælingarinnar. Einnig eru birtar hér allar tiltækjar hitamælingar í holum á Nauteyri og reynt að meta út frá þeim hverjar eru rennslisleiðir heita vatnsins.

2. Hitamælingar og hitapversnið

Staðsetning borhola á Nauteyri er sýnd á mynd 1. Alls hafa verið boraðar 5 holur þegar þetta erritað. Hola 1 var boruð í október 1980 í rúmlega 580 m dýpi. Í henni myndaðist hruntappi á 94 m dýpi og var hann hreinsaður í október 1984. Sjálffrennsli í holu 1 var um 0,7 l/s og sýnir hitamæling sem gerð var í apríl 1985 að mest af sjálffrennslinu kemur úr 48 °C heitri æð á 360 m dýpi (sjá mynd 2). Hola 2 var boruð í nóvember 1984 í 622 m dýpi og fundust ekki neinar verulegar vatnsæðar í holunni. Holan var hitamaeld og er mælingin sýnd á mynd 3. Vatnsborð holu 2 var á 6,3 m í nóvember 1987. Hola 3 var boruð í desember 1984 í 288 m dýpi. Sjálffrennsli mun hafa verið um 1,2 l/s. Hitamæling úr holunni er sýnd á mynd 4. Dælt er úr holu 3 og hefur vatnið úr henni kólnað niður í 34 °C frá 42 °C í upphafi dælingar.

Mynd 5 sýnir þær hitamælingar sem gerðar voru í holu 4 fyrir og eftir þrepidælinguna í desember 1987. Myndin sýnir vel æðina á 360 m, en æðin á 330 m er hinsvegar ekki áberandi. Það bendir til þess að báðar æðarnar séu jafnheitar og sækí vatn í sama kerfið. Æðarnar hitna milli mælinga, og endurspeglar það upphitnum holunnar eftir kælingu í borun. Sjálffrennsli holunnar er rétt um 50 °C heitt. Hola 5 var boruð í desember 1987 á syðra laugasvæðinu, um 20 m austar en hola 2. Holan er 229 m djúp og hitti ekki á vatnsæðar. Engin hitamæling er til í holunni.

Mynd 6 sýnir hitapversnið gegnum nyrðra svæðið á Nauteyri (Baðlaugarsvæðið). Niðurstöður mælinga úr holum 1 og 3 hafa verið sameinaðar og eru gildi ofan 360 m úr holu 3 en úr holu 1 þar fyrir neðan. Þá hafa vatnsæðar sem holurnar skáru verið merktar inn á myndina og eins lágvíðnámssprungurnar tvær. Ekki er vitað hversu djúpt í jörðina sprungurnar ná. Jarðlöög á Nauteyrarsvæðinu eru með um 5° austlægum halla og eru sprungurnar á myndinni teiknaðar með þeim halla. Tekið var tillit til þeirra við gerð hitasniðsins. Hafa ber í huga að þegar mæligögn eru ekki meiri en hér um ræðir er alltaf vafamál hvernig réttast sé að tengja jafnhitalínur. Mynd 6 sýnir því einungis líklegt hitapversnið en ekki endilega það eina rétta.

Aberandi er hve svæðið hitnar í átt að holu 4, og einnig að hiti er viðsnúinn í holu 1. Það bendir ákveðið til láréts rennslis í nágrenni hola 1 og 3, annaðhvort eftir lágvíðnámssprungunni sem holur 1 og 3 skera, eða að vatn rennur lárétt frá uppstreymirsás holu 4 að holum 1 og 3. Skera má úr um hvor kosturinn er líklegri með svarfgreiningu, og hugsanlega einnig með dælu-prófun.

3. Þrepidæling holu 4

3.1 Framkvæmd

Þrepidæling holu 4 var framkvæmd í borlok með því að blása lofti niður um stangir Ýmis. Var stangarendinn færður niður í þrepum (10, 20, 30 og 50 m). Vatnsborð holunnar var mælt í

lok hvers þreps og einnig jöfnun vatnsborðsins að dælingunni afstaðinni. Þá var holan hitamæld strax eftir loftdælinguna. Á yfirborði var mælt rennsli um V-laga spjald, hitinn á dæluvatni, þrýstingur á loftinu sem blásið var niður um stangirnar og vatnsborð í holu 3.

3.2 Niðurstöður

Tafla 1 sýnir öll þau gögn sem safnað var samhliða þrepidælingunni. Úr þessari töflu er unnin mynd 7, sem sýnir dælingu úr holu 4 með tíma. Áberandi er að mjög dregur úr rennsli eftir því sem líður á þrepin. Það er vísbending um að niðurdráttur muni vaxa eitthvað með tíma og dælingu. Ómögulegt er hinsvegar að spá um niðurdráttinn út frá fyrirliggjandi gögnum.

Mynd 8 sýnir síðan afkastaferil holunnar, miðað við það þrýstiástand sem ríkti í æðunum tveimur við borlok. Við gerð myndarinnar var dælingarmagnið í lok hvers þreps notað sem mælikvarði á gæfni holunnar. Hinsvegar var ekki unnt að mæla nákvæmlega niðurdráttinn í hverju þrei, og þarf því að meta innan hvaða marka niðurdráttarinn var. Hámark niðurdráttarins er þá endi borstrengs í hverju þrei. Lágmark niðurdráttar er hinsvegar túlkað út frá vatnsborðsmælingum í lok hvers þreps að frádreginni þeirri vatnsborðshækku sem ætla má að verði frá því að þrei lýkur og þar til raunverulegt vatnsborð er mælt. Þessi tími er innan við $\frac{1}{2}$ mínúta og hækknarhraði vatnsborðs holu 4 er 5-10 m á mínútu.

Mynd 8 er teiknuð með þessa mælióvissu í huga. Hinn raunverulegi niðurdráttur í dæluprófinu er þá innan skyggða svæðisins. Ekki var mældur lokunarþrýstingur holu 4. Réði þar mestu að borstjóra. Ýmis þótti óráðlegt að loka holunni sökum frágangs á toppi. Líklegt er að þessi þrýstingur sé um 1 bar, samanber mynd 8.

3.3 Jöfnun holu 4

Þegar þrepidælingunni lauk, var mæld jöfnun vatnsborðs í holu 4. Steig það um rúma 30 m á aðeins 4 mínútum. Það bendir til þess að skammtímaáhrif þrepidælingarinnar á sjálft jarðhitakerfið hafi verið lítil.

3.4 Áhrif dælingar á aðrar holur

Vatnsborð holu 3 var mælt áður en dæling hófst í holu 4, og síðan aftur í lok dælingar. Ekki var nein breyting mælanleg (tafla 1). Þó ber að hafa í huga að mælinákvæmin var aðeins 1 m. Fyrstu áhrif dælingar úr holu 4 á holu 3 eru því

ekki stórvægileg.

4. Vinnslueiginleikar holu 4 í samanburði við fyrri holur

Hér að neðan er sýnd núverandi dæling úr holum 1 og 3 á Nauteyri (Engilbert Ingvarsson, munnlegar upplýsingar). Auk þess er sýnt það magn sem ætla má að hola 4 gefi við 35-45 m niðurdrátt.

Hola númer	Hitastig (°C)	Vatnsborð (m)	Dæling (l/s)
1	47	40-50	16
3	34	22	5
4	50	35-45	15

Eins og sjá má eru vinnslueiginleikar holu 4 ívið hagstæðari holu 1, en margfalt betri en holu 3. Raunar er svo mikill munur á, að sjálfsgert virðist að virkja holu 4 með dælunni úr holu 3, ef því verður við komið.

5. Hugsanlegar framhaldsrannsóknir

Nauðsynlegt er að fylgjast náið með vinnslueiginleikum borholanna á Nauteyri með því að skrá reglulega hitastig, toppþrýsting og/eða vatnsborð og dælingu hverrar holu fyrir sig. Aftast í greinargerðinni er eyðublað sem verkkaupi getur ljósritað til slíksra nota.

Æskilegt væri að greina svarf úr holunum 5 sem boraðar hafa verið á Nauteyri. Með því má sjá hvort æðar og jarðlög einstakra hola tengjast og þar með fá skýrari mynd af rennslisleiðum heita vatnsins.

Staðsetning viðnámsmælilína á Nauteyri er sýnd á mynd 9 en niðurstöður verða birtar fljóttlega í skýrslu Orkustofnunar um rannsóknir á jarðhita og ferskvatni til fiskeldis við innanvert Ísafjarðardjúp. Við túlkun mælinganna frá Nauteyri vaknaði sú spurning hvort viðnámsmælilínur á syðra laugasvæðinu liggi samsíða hugsanlegri lágvíðnámssprungu. Ef svo er, kemur slík lágvíðnámssprunga alls ekki fram í mælingunum. Úr því má skera með því að mæla nýjar viðnámslínur, þvert á þær fyrri.

Niðurstöður viðnámsmælinga á nyrðra svæðinu sýna tilvist tveggja lágvíðnámssprunga (sjá mynd 1). Það er athyglisvert að vestari sprungan stefnir í jarðhitann við Hafnardsá. Fróðlegt væri að rekja sprungurnar til norðurs og athuga hvort þær tengist áðurnefndum jarðhita.

Sá arður sem verkkaupi hefur af ofantöldum

rannsóknum og samantekt eldri gagna verður tvíþættur. Annarsvegar eykst þekking á eðli og eiginleikum jarðhitans á Nauteyri. Hinsvegar getur sú vitneskja skilað sér í staðsetningu og borun hola sem gefa ámóta afl í sjálfrennsli og hola 4. Slíkar holur greiða upp borkostnað sinn á skömmum tíma í lágum rekstrarkostnaði.

6. Samandregnar niðurstöður


Niðurstöður rannsókna og borana á Nauteyri 1987 má draga saman í eftirfarandi.

1. Viðnámsmælingar sýna að tvær lágvíðnámssprungur liggja um nyrðra laugasvæðið. Holur 1 og 3 skera aðra sprunguna, en nýrri holu, holu 4, var valinn staður þannig að hún skæri hina lágvíðnámssprunguna.
2. Ekki fundust nein merki um lágvíðnámsprungu á syðra laugasvæðinu, með þeirri stefnu mælilína sem notuð var.
3. Hola 4 var boruð í nóvember og desember 1987 og hitti á góðar vatnsæðar. Hún sjálfrennur um 7-8 l/s af 50 °C vatni. Vatnið kemur úr æðum á 330 og 360 m dýpi.
4. Í skammtímadælingu má ná allt að 15-18 l/s miðað við 35-50 m niðurdrátt. Óvist er hvort holan heldur þessu magni í langtímadælingu.
5. Með hliðsjón af því að hola 4 er mjög gaf miðað við aðrar holur á Nauteyri, er sjálfsagt að virkja hana með djúpdælu, t.d. með dælunni úr holu 3. Þegar dæla er komin í holu 4 má áætla langtímoviðbrögð holunnar ef verkkaupi óskar.
6. Nauðsynlegt er að fylgjast með hvort vinnslueiginleikar borholanna á Nauteyri breytast með tíma. Þá væri æskilegt að greina svarf úr holunum, viðnámsmæla enn frekar og freista þess að fá fram heildarmynd af jarðhitasvæðinu með samantekt allra gagna.

Reykjavík, 20 janúar, 1988
Grímur Björnsson
Gylfi Páll Hersir


TAFLA 1: Prepaprófun holu 4, Nauteyri

Tími	Dæling l/s	Vatnsborð(m)	Loftþrýstingur(bar-y)	Athugasemdir
13:00		0.0	0.0	Borun lokið, sjálfrennsli 6½ l/s
14:50	11			Prep 1 - stangir á 10 m
15:00	11			
15:15	11			
15:35	11			Dælingu lýkur
15:36	0	8		
15:38		0.0		Sjálfrennsli hefst
15:44				Vatnsborð á 22 m í holu 3
15:48	14		3.2	Prep 2 - stangir á 20 m
16:02	12		3.2	
16:10	12		3.2	
16:22	12		3.1	
16:32			0.0	Dælingu lýkur
16:32½		15		
16:36				Prep 3 - stangir á 30 m
16:38	15		3.4	
16:49	14		3.35	
17:00	13		3.35	
17:05	13		3.35	Dælingu lýkur
17:05½		21		
17:08	1	0.0		Sjálfrennsli hefst
17:11				Prep 4 - stangir á 50 m
17:13	20		4.2	
17:21	17		4.1	
17:37	16		4.1	
17:50	16		4.1	
18:05	15		4.1	Hola 3 óbreytt (22 m), dæling 5 l/s
18:16				Dælingu lýkur
18:16½		31.5		Jöfnun mæld
18:17½		20.0		
18:18½		10.0		
18:19½		5.0		
18:20½	1	0.0		Sjálfrennsli hefst




Mynd 1: Staðsetning borhola, hitaþversniðs og lágvíðnámsprungna

NAUTEYRI
HITAMÆLING HOLU 1




Mynd 2: Hitamæling holu 1

NAUTEYRI
HITAMÆLING HOLU 2




Mynd 3: Hitamæling holu 2

NAUTEYRI
HITAMÆLINGNG HOLU 3




Mynd 4: Hitamæling holu 3

NAUTEYRI
HITAMÆLINGAR HOLU 4




Mynd 5: Hitamælingar holu 4




Mynd 6: Hitaþversnið af nyrðra laugasvæðinu (staðsetning sniðsins er sýnd á mynd 1)

Nauteyri - Hola 4


Gangur dæluprófunar



Mynd 7: Gangur dæluprófunar holu 4



Mynd 8: Afkastaferill holu 4



Mynd 9: Staðsetning viðnámsmælilína og lágviðnámssprungna

Blað númer:

ÍSLAX hf NAUTEYRI - VINNSLUSKRÁNING